

Opinn félagsfundur 22. September 2016.

Fundargerð opins félagsfundar Retrieverdeildar HRFÍ, 22. september 2016.

Fundur haldinn í Sólheimakoti 19.30-22.30

Heiðar Sveinsson, Jens Magnús Jakobsson, Þórhallur Atlason, Sigrún Guðlaugardóttir og Erla Heiðrún Benediksdóttir stjórnarmenn deildar mættu auk 25 annarra félagsmanna.

Til fundarins var boðað á heimasíðu deildarinnar og facebook síðu deildarinnar með 18 daga fyrirvara.

Fundardagskrá var:

1. Setning og skipun fundarstjóra ásamt ritara.
2. Formaður fer lítillaga yfir starfið á ársgrundvelli.
3. Opnar umræður.
4. Kaffi og vöflur

1. Heiðar kom með tillögu að Sigrún Guðlaugardóttir yrði fundarstjóri og Erla Heiðrún Benediksdóttir ritari og var það samþykkt.
2. Heiðar var með kynningur um starfsemi deildarinnar, td. hvernig ferlið er þegar dagskrá næsta árs er búin til, hvað þarf að gera áður en umsókn um veiðipróf, deildarsýningu og hlýðnipróf er sent til stjórnar HRFÍ.
Á meðan rætt var um hlýðniprófin kom upp sú hugmynd að hafa próf í tengslum við deildarviðburð, það er eitthvað sem hefur verið minnst á hjá stjórn og verður rætt frekar þar, einnig hvort heiðra beri stigahæstu hunda deildarinnar í hlýðni þegar heiðrunin fer fram, það verður tekið til athugunar hjá stjórn
3. Opnar umræður:
 - Komið var með tillögu að stjórn Retrieverdeildarinnar óskaði aftir því við stjórn HRFÍ að fækkað yrði sýningum félagsins í 3 á ári til að gefa deildum svigrúm á að halda fleiri sérsýningar til að fá oftar sérfræðinga fyrir tegundirnar, rætt var um að við þyrftum frekar að beita okkur sem félagsmenn fyrir dómurum og senda inn óskir til sýningastjórnar HRFÍ þar sem sýningarnar væru svo stór partur af vinnu HRFÍ. Rætt var um hvort halda ætti opna sýningu á vegum deildarinnar, kom fram að það væri vinsælt í Svíþjóð.
 - Líst var áhyggjum af litagalla hjá labradorum vegna fjölgunar á brúnum labradorum, hvort eitthvað þurfi að gera í því eða leyfa því að renna sitt skeið. Bent var á skjalið sem er á síðu deildarinnar sem útlistar vel hvernig litir erfast og hvernig ber að varast þennan litagalla sem nefnist dudley og að öllum sem senda inn pörunarbeiðnir á ræktunarstjórn sé gert grein fyrir þessu, ræktunarstjórn getur aldrei mælt með pörun þar sem hætta er á þessari útkomu. Suma hunda er búið að DNA testa til að vita hvaða liti þeir bera og þannig minnka þessar líkur. Það sem lagt var til að hægt væri að gera var að halda umræðunni lifandi, leggja áherslu á að ræktendur láti vita hvaða liti hundar geti mögulega borið, spurning um að

finna greinar og þýða og eru allar ábendingar vel þegar frá félagsmómmum.

- Á að hafa rakkalista aðgengilegan öllum eða ekki, miklar umræður sköpuðumst um þetta málefni og flestir voru sammála um að opinbera hann. Það kom fundargestum á óvart hvað það voru fáir hundar á rakkalista, rakkar fara ekki á listann nema standast kröfur ræktunarstjórnar. Spurt var af hverju stjórn mælti ekki með fleiri rökkum, viðkomandi hafði að sögn heyrt að það væru bara fáir rakkar sem stjórn mælti með. Stjórn kom því á framfæri að alltaf væri mælt með öllum rökkum sem væru í boði á viðkomandi hund og uppfyllti óskir fyrirspyrjanda og væri hæfur sökum skyldleika og svo frv.

Kaffi og vöfflupása

- Fyrirspurn kom með tengsl fækkunar á skráningum á veiðipróf og útreikningi stigahæsta hunds á veiðiprófum vegna “5 prófa reglunnar”, í upphafi voru 5 próf valin þar sem það var sjaldan sem iðkendur mættu í fleiri en 5 próf á ári með hundana sýna. Spurning að auka í 6? Sýnt var á excel skjali að um örfáa einstaklinga væri að ræða þar sem þeir slepptu að skrá til að minnka möguleikann á að vera stigahæstir. Fram kom að stigagjöfin hefði það að markmiði að finna besta hund sumarsins og á sama tíma væri ekki duglegasti hundurinn sjálfkrafa hæstur, þetta kom fram í umræðu um hvort ætti að taka 5 bestu próf sumarsins.
- Spurning hvort halda eigi óformleg veiðipróf sem ekki eru skráð á feril hundsins.
- Það komu fram fyrirspurnir um hvort mætti nota tík í veiðipróf sem hefði verið tekin úr sambandi eða jafnvel legið tekið úr. Það er ekki annað að finna í reglum en þetta sé ekki bannað. Í þessu samhengi kom fram af hverju eineistungar og geldir rakkar mættu þá ekki koma en á sama tíma mættu óræktunarhæf dýr samkvæmt reglum eins og með D mjaðir mæta. Eitt af því sem var talið hugsanlega móta þetta að það er hægt að sjá hvort hundur er án eista en hvort tík er tekin úr sambandi eða með D mjaðmir er ekki sjáanlegt utan á dýrinu. Eins kom fram að bannað er að hafa áhrif á geðslag og hugsanlega er gelding álitin í þeim hópi.
- Meistarakeppnin kynnt við góðar undirtektir.

Fundurinn fór vel fram og uppbyggilegar og góðar umræður, takk fyrir.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl 22.30.